



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 20.03.2019, kl. 17:15

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Jóhannes Egilsson Sigurður Bjarnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Kristján B. Thorlacius, Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

### Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar febrúar 2019

**Niðurstaða:** fundagerð samþykkt

2. **Teams**

Farið var yfir nýtt gagnasafns- og verkefna forrit sem Stjarnan hefur tekið í notkun fyrir alla starfsmenn, stjórnir og ráð félagsins. En þetta er liður í því að gæta þess að félagið fylgi þeim reglum sem ný persónuverndarlöggjöf segir til um. Eins þá er það von okkar að þetta auðveldi sjálfbærni og starfsmönnum yfirsýn og vinnu sína fyrir félagið.

**Niðurstaða:** til upplýsinga.

3. **Drög að ársreikningi**

Farið var yfir fyrstu drög af ársreikningi félagsins fyrir árið 2018 frá endurskoðenda félagsins. Eins var ákveðið að aðalfundur félagsins mun fara fram 7.maí næstkomandi.

**Niðurstaða:** til upplýsinga.

4. **Yfirferð á nýrri handbók, teikning af framtíðarsýn og lokavinna við stefnumótun**

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að nýrri handbók og framtíðarsýn Stjörnunnar sem er á lokastigum. Markmiðið er að þessari vinnu sé lokið fyrir aðalfund félagsins, til kynningar fyrir félagsmenn.

5. **Kynning á brand guide og merki félagsins**

Unnið hefur verið að nýrri handbók um vörumerkið Stjarnan sem vonir standa til að verði klár fyrir aðalfund félagsins. Hugmyndir um eilítið breytta notkun á merki félagsins liggja þar fyrir sem kallar á lagabreytingu.

Niðurstaða: aðalstjórn féllst á tillögu framkvæmdastjóra að breytingu á 18.gr laga félagsins, en laga þarf til orðalag og hún verður svo til skoðunar í afgreiðslu Stjörnuheimilisins tveim vikum fyrir aðalfund eins og lög segja til um.

### Önnur mál

- Samþykkur hefur verið samningur við Steinar J. Lúðvíksson um skrif á Sögu Stjörnunnar við í tengslum við 60 ára afmæli Stjörnunnar 2020.
- Ábendingar hafa borist stjórn um lítið vöruúrval í Sportlandi, framkvæmdastjóra var falið að ræða við Pétur til að reyna að fá bætur á þar sem þetta endurspeglar félagið á stóran hátt.



fundi var slitið kl. 19:15, Ritað Álp